



10. BARÁTTA UM VÖLD

Bls 78–83

Markmið

Að nemandi átti sig á að:

- kirkjan gerði kröfu til að verða sjálfstæð stofnun
- Noregskonungur og erkibiskup börðust fyrir sjálfstæðri kirkju á Íslandi
- Íslenskir höfðingjar vildu viðhalda stjórn sinni á kirkjunni
- kirkjan varð sjálfstæð á seinni hluta 13. aldar
- kirkjan varð valdamesta og ríkasta stofnun landsins
- biskupar urðu valdamestu menn landsins
- mikil eignasamþjöppun átti sér stað í landinu
- veraldlegir höfðingjar töpuðu auðæfum og völdum til kirkjuhöfðingja

Kennsla

Gera skal nemendum grein fyrir því hvernig sjálfstæði kirkjunnar jókst eftir staðarmál síðari. Auður hennar og áhrif jukust sífellt og því urðu biskuparnir smám saman valdamestu menn landsins.

Fjalla skal um valdabaráttu veraldlegra og kirkjulegra höfðingja sem endaði með því að kirkjan bar sig úr bítum. Höfðingjar reyndu að standa saman en máttu sín lítils gegn ægivaldi biskupa og annarra kirkjuhöfðingja.

Greina skal nemendum frá bágri stöðu almennings sem mátti oft líða fyrir yfirgang höfðingja. Það vantaði sárlega sterkara miðstjórnarvald sem gæti haldið yfirgangssömum höfðingjum niðri.

Til fróðleiks

Staðarmálin fyrri

Staðarmál fyrri áttu sér stað árið 1179. Erkibiskup hafði sagt Þorláki Þórhallssyni (Skálholtsbiskupi) að hann yrði að koma kirkjustöðum undir yfirráð biskups en þeir voru á forræði þeirra bænda sem höfðu látið reisa þær á jörðum sínum. Krafa erkibiskups (hafði aðsetur í Bergen í Noregi) studdist við svokallaða kirkjuvaldsstefnu sem kirkjan háði í Evrópu en hún gekk út á að kirkjan stjórnaði sjálf eigin málum en veraldlegir höfðingjar höfðu haft mikil áhrif innan hennar þegar kom að eignum, tekjum og embættum. Þorláki varð í fyrstu nokkuð ágengt en hann mætti hins vegar mikilli andstöðu hjá Jóni Loftssyni í Odda sem var helsti höfðingi landsins. Jón neitaði að gefa eftir kirkjueign sem hann hafði forræði yfir og þar með laukaráttu biskups. Hann varð að gefast upp fyrir hinu veraldlega valdi sem reyndist yfirsterkara. Þar sem tíund rann að hluta til kirkju og prests mátti hafa hagnað af því að reka kirkju og því var þessi barátta hörð.



Til fróðleiks

Staðarmálin síðari

Árni Þorláksson Skálholtsbiskup tók upp baráttu Þorláks eftir að hann varð biskup árið 1269. Miklar deilur og flóknar urðu um þetta mál næstu áratugin. Lausn náðist ekki fyrr en konungur og biskup gerðu með sér málamiðlun að Ögvaldsnesi í Noregi árið 1297. Samkvæmt henni átti biskup að hafa forræði yfir þeim jörðum sem höfðu verið ánafnaðar kirkjunni. Staðir voru sjálfseignarstofnanir sem bændur höfðu sett á fót. Þeir gáfu í orði kirkjunni ákveðinn hluta því þá þurfti ekki að greiða skatt af eigninni. Bændur áttu hins vegar að halda þeim stöðum sem ekki höfðu verið ánafnaðir kirkjunni að öllu leyti.

Umræður

- Af hverju voru höfðingjar og biskupinn að deila um það hver ætti að ráða yfir kirkjunum og kirkjustöðunum? Áður höfðu þeir deilt um yfirráðin – hverjir höfðu betur í þeirri deilu?
- Átti kirkjan að vera sjálfstæð? Hverjir finnst þér að hefðu átt að ráða yfir kirkjunum?
- Hverjir heldur þú að hafi verið hlyntir því og hverjir voru á móti því?
- Norskir ráðamenn kröfðust sjálfstæðis kirkjunnar. Af hverju voru erkibiskup og Noregskonungur að skipta sér af íslensku kirkjunni?
- Hvað var það sem kom í veg fyrir að svartidauði bærst hingað til lands á 14. öld?

Verkefni

- Skrifaðu frétt sem segir frá fundi höfðingja að Leiðarhólmi árið 1513. Hafðu sérstaklega í huga baráttu veraldlegra og kirkjulegra höfðingja. Þetta gæti verið frétt í æsifréttastíl. Jafnvel væri hægt að útbúa teiknimyndasögu sem sýnir höfðingjana á fundinum.
- Ímyndum okkur að þú hafir verið uppi þegar svartidauði reið yfir landið. Þú ræður hvaða samfélagsstöðu þú skipar. Skrifaðu dagbókarfærslu þar sem hugleiðingar þínar um ástandið í landinu koma fram.
- Skrifa minningargrein um einhvern sem dó í pestinni. Hvað er skrifað í minningargreinum. Skoða nokkrar greinar til að sjá hvað er skrifað um í þeim.
- Verkefni sem útskýrir muninn á staðarmálunum fyrri og síðari. Hverjir deildu?
- Verkefni um svartidauða. Hvaða sjúkdómur var þetta og hvaða áhrif hafiði hann á lífið á Íslandi og víðar. Myndrænt eða ritun.

Kort

- Merktu inn á Íslandskort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifaðu ártöl og heiti eftir því sem við á.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



10. BARÁTTA UM VÖLD – VERKFNI

Bls 78–83

1. Hvaða breytingar urðu á hag kirkjunnar? Hverjir voru helst ósáttir við þær breytingar?

2. Hver var staða almennings?

3. Hver hafði ráðið yfir kirkju og kirkjustöðum frá upphafi kristni í landinu?

4. Af hverju varð staða biskupa mjög sterk?



5. Hver var helsta forsenda auðsöfnunar á 15. öld?

6. Hvaða áhrif hafði svartidauði á misskiptingu auðs í landinu?

7. Hvaða samþykkt gerðu bændur að Áshildarmýri árið 1496?

8. Hvað var það sem almenning vantaði sér til verndar?

9. Hverjir voru valdamestir á Íslandi á þessum tíma?



10. BARÁTTA UM VÖLD – LAUSNIR

1. Kirkjan öðlaðist meira og minna sjálfstæði á seinni hluta 13. aldar sem gerði henni kleift að byggja upp mikið veldi. Hún gat dæmt menn í háar sektir fyrir að brjóta gegn kirkju-lögum og því fékk hún marga upp á móti sér. Eftir því sem auður hennar jókst urðu völd biskupa meiri og þeim mun erfiðara áttu höfðingjar með að fara sínu fram. Þeir fóru því að óttast um sinn hag.
2. Höfðingjar höfðu í gegnum tíðina margoft gengið á rétt almúgans með ránum og of-beldi. Í því sambandi gat jafnt verið um háttsetta embættismenn konungs að ræða sem og auðuga stórbændur. Lögleysa var ríkjandi á þessum tíma og oft var það einfaldlega sá voldugasti sem hafði sitt fram.
3. Frá upphafi kristni í landinu hafði kirkjan verið í höndum veraldlegra höfðingja sem nutu góðs af auðlegð hennar.
4. Forræði biskupa yfir stöðum, sem og aukið dómsvald þeirra í siðferðismálum gerði stöðu þeirra mjög sterka. Þeir leigðu kirkjustaðina út til presta sem heyrðu undir vald biskups. Íslenskir kirkjuhöfðingjar mynduðu forréttindastétt sem hafði meiri möguleika á að safna auði en aðrir höfðingjar. Fyrir utan hefðbundnar tekjur af kirkjújörðum nutu kirkjuhöfðingjarnir góðs af tíundinni og sektarfé sem þeir innheimtu fyrir siðferðisbrot.
5. Þegar kom fram á 15. öld höfðu miklar breytingar átt sér stað í atvinnulífi landsmanna. Sjávarútvegur varð ein helsta forsenda auðsöfnunar þar sem mikil eftirspurn var eftir fiski og lýsi í Evrópu.
6. Svartidauði skildi eftir sig eyðingar um allt land. Þeir sem eftir lifðu höfðu því nóg jarð-næði enda fóru afskekktar sveitir og smákot í eyði. Þeir sem efnaðastir voru gátu safnað jörðum sem lágu á lausu í öllum héruðum. Efnamenn sem lifað höfðu pestina af gátu þannig eignast heilu sveitirnar og stóraukið auð sinn.
7. Þeir bændur sem minna máttu sín urðu oft illa úti vegna yfirgangs höfðingjanna. Afstaða þeirra kom vel fram í samþykkt sem bændur í Árnessýslu gerðu að Áshildarmýri árið 1496. Þar sögðust bændur ekki þola lengur lögleysu, ofsóknir, fjárnám og mannrán sem viðgengist hafði. Hétu þeir því að bindast samtökum um að koma fram hefndum væri gengið á rétt þeirra.
8. Það vantaði tilfinnanlega sterkt miðstjórnarvald sem verndaði almenning fyrir þeim sem svifust einskis til að efla auð sinn og völd. Þar sem konungsvaldið hafði ekki styrk til þess er ekki nema von að þeir sem minna máttu sín hafi litið til kirkjunnar í þeim efnum.
9. Biskuparnir voru valdamestu menn þjóðarinnar og þeir prestar sem sátu á auðugum kirkjújörðum voru einnig mjög voldugir. Það gerði stöðu þessara kirkjuhöfðingja sterkari að þeir tilheyrðu allir sömu stofnun og því stóðu þeir nokkuð sameinaðir gegn verald-lega höfðingjavaldinu.